

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015, Merkilandstún, Sveitarfélaginu Árborg.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. júní 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015, frá 4. september 1996.

Breytingin felst í því að íbúðarbyggð og opið svæði við Austurveg verður svæði með blandaða landnotkun, fyrir verslun, skrifstofur, opinbera þjónustu og iðnað.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 24. júní 2004.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*